

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.

1866.
18. sept.

Í bréfi dagsettu 12. októbermán. f. á. skoraði dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að ganga ríkt eptir, að þeir 770 rd., sem enn voru ógoldnir af láni því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt var rentulaust í fjáráukalögnum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60, vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu, væru borgaðir fyrir 31. marzmán. þ. á. Nú höfum vör sæð á reikningnum um jarðabókarsjóð Íslands fyrir fjárhagsárið 1865—66, að á því fjárhagsári hefir ekki verið borgað meira uppí lánid en svo, að við lok fjárhagsársins stóðu enn eptir 692 rd. Sæu dregnir frá þessari upphæð þeir 72 rd., sem sjá má á útdrætti úr reikningi jarðabókarsjóðsins fyrir hálfmissirið frá 1. aprílmán. til 30. júnímán. þ. á., að seinna hafa borgaðir verið, þá verður sú niðurstaðan, að 620 rd. eru enn óborgaðir.

Útaf þessu eruð þér nú beðnir, herra stiptamtmaður, að sjá svo um, að eptirstöðvarnar af láni þessu verði heimtar saman án frekari undandrátta með málssóku hjá hverjum hreppi fyrir sig, sem fengið hefir hluta af láninu. Vör vonumst eptir að fá með fyrstu ferð gufupóstskipsins hingað að ári skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörðir samkvæmt þessu, og eruð þér einnig beðnir um að senda stjórnarráðinu um leið nákvæman reikning um, hversu mikið hver hreppur um sig hefir fengið af láninu, hversu mikið hefir verið borgað uppí það, og hversu mikið þá standi eptir, ef það verður ekki þá allt borgað.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald fyrir flutning á viði að Möðruvalla klausturs kirkju.

26. sept.

Með bréfi dagsettu 2. aprílmán. þ. á. hafði þér, herra amtmaður, sent hingað bréf með fylgiskjali frá umboðshaldara